

Pingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Bjarni Reykjafn
Kjarna
650 Laugar

Umhverfisstofnun
Áb. _____
19. júní 2014 9.5.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. júní 2014
Tilvísun: UST20140600072/ksj

Umsókn um leyfi til að reisa íbúðarhús í landi Grímsstaða 4, innan verndarsvæðis Mývatns.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Pingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 19. mars sl. þar sem óskað er leyfis til að byggja íbúðarhús á jörðinni Grímsstaðir 4 á lóð innan verndarsvæðis Mývatns. Byggingarreitur innan lóðarinnar er staðsettur samkvæmt upprætti í 108 m fjarlægð frá vatnsbakka Mývatns.

Veglagning

Umhverfisstofnun bendir á að skv. upprætti er fylgir erindinu er hluti af þeirri áætlun um að byggja ofangreint íbúðarhús, að leggja tvo tengivegi u.þ.b. 70 m að lengd hvor um sig, sem munu ásamt öðrum veghlutum mynda aðkomu að áætluðum byggingarreit. Umhverfisstofnun bendir á að áætlaðir vegir eru staðsettir innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og kunna að falla undir lið 10c í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir er falla undir 2. viðauka ofangreindra laga eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er metið í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Slíkar framkvæmdir eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar. Að mati Umhverfisstofnunar þarf niðurstaða um áhrif og álag ofangreindrar veglagningar að liggja fyrir, enda liður í umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, áður en hægt er að meta áhrif áætlaðrar byggingar íbúðarhúss. Umhverfisstofnun beinir því til skipulags- og byggingarfulltrúa að senda erindið til Skipulagsstofnunar. Í kjölfarið mun Umhverfisstofnun taka ákvörðun um leyfisveitingu ofangreindrar framkvæmdar.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri